

---

Netföng ungmennaráðanna í  
Reykjavík

**Ungmennaráð Árbæjar**  
ung.arbaer@itr.is

**Ungmennaráð Breiðholts**  
ung.breidholt@itr.is

**Ungmennaráð Grafarvogs**  
ung.grafarvogur@itr.is

**Ungmennaráð Kjalarness**  
ung.kjalarnes@itr.is

**Ungmennaráð Miðbæjar**  
ung.midbaer@itr.is

**Ungmennaráð Vesturbæjar**  
ung.vesturbaer@itr.is

**Ungmennaráð Austurbæjar 1**  
(Hlíða-, Leitis- og Bústaðahverfi)  
ung.austurbaer1@itr.is

**Ungmennaráð Austubæjar 2**  
(Háaleitis-, Laugarnes-, Langholts- og  
Vogahverfi)  
ung.austurbaer2@itr.is

**Ungmennaráð Reykjavíkur**  
ung.reykjavik@itr.is

---



---

Heimild um ungmennalýðræði  
Óskar Dýrmundur Ólafsson

Ungmennalýðræði í Reykjavík

---

***Umboð  
til athafna***

*Kynning á tilgangi og  
aðferðafræði  
ungmennalýðræðis*

---

# Umboð til athafna

Lýðræði hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum aldirnar og í upphafi nýrrar aldar er kosningaréttur á Íslandi miðaður við 18 ára aldur. Í anda enska hugtaksins "empowerment" sem hér er þýtt sem **umboð til athafna**, er talið mikilvægt að hver og einn hafi eitthvað um sitt eigið líf að segja og taki þar með ábyrgð á sjálfum sér. Þetta þýðir þar með að þátttaka í samfélaginu og að hlutverk hvers og eins einstaklings verður mikilvægt í heildarsamhenginu.

Hér er fjallað um hvernig þeir sem eru yngri en 18 ára geta tekið þátt í lýðræðinu, þó að þeir séu ekki með kosningarétt! Hér er látið reyna á hvernig raddir, þarfir og hagsmunir barna og unglinga geta heyrst, verið mætt og fengið fram að ganga.

Ungmennaráð í hverfum Reykjavíkurborgar eru fyrst stofnuð eftir hugmyndum um ungmennalýðræði haustið 2001.

## Markmið

Tilgangur verkefnisins er tvíþættur:

Að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum. Verður sá hluti verkefnisins vottaður með viðurkenningarskjali í lok vetrar.

Að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem yngri eru en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Það er gert í samstarfi við Íþrótt- og tólmstundaráð og með stofnun Reykjavíkurráðs ungmenna er vonast eftir frekari umfjöllun borgaryfirvalda um málefni ungs fólks. Starfað er eftir ákvæðum barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórn Íslands hefur undirritað. Einnig hefur þetta sterka tilvísun í þá stefnumótun sem átt hefur sér stað hjá Evrópusambandinu m.a. með tilkomu "Hvítu skýrslunnar" frá hausti 2001.

# Leiðir

Unnið er með nemendaráðum í hverjum borgarhluta. Forsendur þess felast í því að nemendaráð skólanna eru kosin af nemendum viðkomandi skóla í lýðræðislegum kosningum. Hér eru punktar um hvernig staðið er að ungmennalýðræði með starfrækslu ungmennaráða:

Valin er starfsmaður ráðsins sem hlýtur viðeigandi þjálfun, setur niður veturinn með skipulögðum hætti og ákveður nálgun vinnunnar.

Starfsmaðurinn tekur ekki frumkvæði, nema ef brýna nauðsyn krefur. Starfsmaðurinn starfar fyrst og fremst sem ráðgjafi ráðsins. Þátttakendur stýra ferðinni þegar kemur að tillögugerð og framsetningu tillagna.

Starfsmaður setur sig í samband við viðkomandi skóla- yfirvöld og félagsstarfskennara (umsjónarmann nemendaráðs) með ósk um samvinnu. Nemendaráð fá bréf í september þar sem óskað er eftir skriflegri tilnefningu tveggja fulltrúa frá viðkomandi nemendaráði. Þegar tilnefning hefur borist verður haft samband við foreldra og þeim gerð grein fyrir því hvað hér er á ferðinni.

Fyrsti fundur hvers ungmennaráðs verður haldinn í lok september eða byrjun október.

# Ungmennaráð

Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar skiptir borginni í fjóra borgarhluta og eru tvö hverfi innan hvers borgarhluta. Ungmennaráðin starfa á grundvelli þessarar skiptingar.

Í borgarhluta 1 starfa tvö ungmennaráð, ungmennaráð Vesturbæjar og ungmennaráð Miðbæjar.

Í borgarhluta 2 starfa tvö ungmennaráð, ungmennaráð Bústaða-, Leita- og Hlíðahverfis og ungmennaráð Háaleitis-, Laugarnes-, Langholts-, og Vogahverfis.

Í borgarhluta 3 starfa tvö ungmennaráð, ungmennaráð Breiðholts og ungmennaráð Árbæjar.

Í borgarhluta 4 starfa tvö ungmennaráð, ungmennaráð Grafarvogs og ungmennaráð Kjalarness.

Þegar vinna ungmennaráðanna hefst að hausti tilnefna ungmennaráðin tvo fulltrúa hvert í Reykjavíkurráð ungmenna.

## Verkefni síðasta vetrar

Vinna ungmennaráðanna hófst veturinn 2001-2002 og vel tókst til að mati þeirra sem stóðu að verkefninu. Meðal verkefna ráðanna var kynning frá Umboðsmanni barna, heimsókn í Ráðhúsið og Alþingi auk tillögusmíða um þau málefni sem brenna á ungu fólki. Tillögur ásamt rökstuðningi voru fluttar af ungmennum í Reykjavíkurráði ungmenna á fundi með borgarstjórn í mars 2002 en þaðan var tillögum vísað í viðeigandi ráð og nefndir til umfjöllunar.